

## Ályktun frá Skólaráði Eskifjarðarskóla

Skólaráð Eskifjarðarskóla ákvað á fundi sínum 20. janúar síðastliðinn að senda ályktun til bæjaryfirvalda í Fjarðabyggð vegna aðstöðuleysis barna til íþróttaiðkunnar.

Skólaráð Eskifjarðarskóla lýsir yfir áhyggjum sínum af aðstöðuleysi eskfirskar barna til hreyfingar, íþróttar og leikja. Í að verða tvö skólaár hafa eskfirskir nemendur ekki fengið kennslu í íþróttum í sínum heimabæ þar sem íþróttahúsinu var lokað vegna slæms ástands og myglu.

Við teljum að það sé vænlegast fyrir nemendur Eskifjarðarskóla að fá íþróttakennslu í sínum bæjarkjarna líkt og önnur börn í Fjarðabyggð.

Það að hafa íþróttahús hefur jákvæð áhrif á skólastarf og nýttist í fleiri námsgreinum en íþróttum.

Við viljum einnig lýsa yfir áhyggjum okkar af skólalóð Eskifjarðarskóla. Þegar farið var síðast í framkvæmdir á skólalóðinni var miklum fjármunum varið í hönnun hennar þar sem m.a. var tekið tillit til þarfa nemenda í leik og námi. Þegar farið var svo í þessar framkvæmdir var litið framhjá þeirri hönnun án nokkurs samráðs. Leiktækin á skólalóðinni eru nú í slæmu ástandi, brotin og líður langur tími þangað til gert er við þau. Sparkvellingur á skólalóðinni er illa viðhaldið og er ónothæfur yfir vetrartímum vegna þess að snjóbræðsla undir vellingum virkar ekki.

Við skorum á bæjaryfirvöld að fara vel yfir ástand skólalóðar Eskifjarðarskóla sem og koma sparkvellingum í nothæft ástand. Við viljum einnig að staðan á íþróttahúsi á Eskifirði sé tekin af alvöru og ráðist verði í framkvæmdir. Berum hag allra barna í Fjarðabyggð fyrir brjósti og látið aðstöðuleysi og ástand skólalóðar ykkur varða.

Virðingafyllst,

### Skólaráð Eskifjarðarskóla

Sigrún Traustadóttir, skólastjóri

Jóhanna Guðnadóttir, aðstoðarskólastjóri

Aníta Ösp Ómarsdóttir, fulltrúi kennara

Marta Magdalena Baginska, fulltrúi kennara

Elísabet Ólöf Ásbjörnsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Davíð Brynjar Sigurjónsson, fulltrúi foreldra

Vilborg Konný Björgvinsdóttir, fulltrúi foreldra

Freyr Guðnason, fulltrúi grenndarsamfélagsins

Selma Líf Jóhannesdóttir, fulltrúi nemenda

Nanna María Ragnarsdóttir, fulltrúi nemenda